



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

SKRG3TE04

Skrúðgarðateikning

Kennari:	Hörður Helgi Hreiðarsson (HHH) hordur.helgi@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Farið er í lestur og gerð helstu teikninga sem tengjast skipulagi sveitarfélaga og skipulagi einkalóða og smærri svæða s.s. útlitsteikninga, hæðateikninga, plöntuteikninga og sniða. Nemendur fá einnig æfingu í notkun á einföldu teikniforriti sem nota má við skipulag smærri svæða

Undanfari:

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Mismunandi gerðum skipulagsteikninga s.s. svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags og hvar er hægt að nálgast þær.
- Teikningum frá landslagsarkitektum af bæði stórum og smáum svæðum og í mismunandi mælikvörðum.
- Hvernig teikningar landslagsarkitekta eru uppbyggðar og hvernig þær verða til.
- Notagildi einfaldra teikniforríta s.s. SketchUp til að teikna og skipuleggja einkalóðir eða minni svæði.
- Mismunandi ítarlegum teikningum á skipulagi einkalóða eða minni svæða s.s. rissum, útlitsteikningum, hæðarteikningum, plöntuteikningum og sniðum í mismunandi mælikvörðum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Greina á milli mismunandi gerða skipulagsteikninga s.s. svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags.
- Lesa teikningar frá landslagsarkitektum og greina á milli mismunandi merkinga og tákna sem notuð eru.
- Afla sér þeirra upplýsinga sem þarf til að hefja skipulag á lóð s.s. deiliskipulagsuppdrátt, mæliblöð og lagnateikningar.
- Rissa upp gróft skipulag lóðar.
- Teikna einfalt skipulag á einkalóð eða á minni svæðum s.s. útlitsteikningu, plöntuteikningu, hæðarteikningu og snið í mismunandi mælikvörðum.
- Nota SketchUp eða sambærilegt forrit til að teikna gróflega útlit lóðar eða minni svæða.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tengja saman upplýsingar úr skipulagsteikningum sveitarfélaga við framkvæmdir sem verið er að skipuleggja á smærri svæðum, metið með munnlegu prófi, samskiptahæfni og rökræðum.

- Tengja upplýsingar sem koma fram bæði á teikningum landslagsarkitekta og á rissum og minni teikningum við þær framkvæmdir sem munu eiga sér stað á svæðinu í raun sem metið er með munnlegu prófi, samskiptahæfni og rökræðum.
- Skilja almenn tákni og teikningar sem gerðar eru við skipulag lóða og minni svæða sem metið er með samskiptahæfni, rökstuðningi og samviskusemi.
- Skipuleggja og teikna einkalóð og minni svæði og útbúa útlitsteikningu, plöntuteikningu, hæðarteikningu og snið í tilheyrandi mælikvörðum sem metið er með frágangi, ábyrgð, útsjónarsemi og verkskipulagi

Námsefni:

Ljósrit og annað efni frá kennara.

Muna að fara eftir reglum og lögum er gilda um skipulag og framkvæmdir á einkalóðum s.s. Byggingareglugerð, Skipulagsreglugerð og Skipulags- og byggingalögum.

ÍTAREFNI: From concept to form in landscape design *eftir Grant W Reid*

Form and fabric in landscape architecture *eftir Catherine Dee*

John Brookes Garden design *eftir John Brookes*

The plant growth planner *eftir Caroline Boisset*

Planting the landscape *eftir Nancy A. Leszczynski*

Þessar bækur eru allar aðgengilegar á bókasafni skólans

Aðrar bækur um skipulag einkagarðsins sem til eru á bókasafni skólans, **kennari hvetur nemendur að vera duglegir að skoða bækur og annað efni um garðhönnun.**

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun eftir aðstæðum.

DAGS.	EFNI	STUNDIR	KENNARI
9. jan	SketchUp – kynning og æfing.	8	HHH
14. jan	Greining á lóð. Verkefni í greiningu á lóð lagt fyrir.	6	HHH
21. jan	Hugmyndavinna og hugarkort. Verkefni um hugarkort lagt fyrir.	6	HHH
28. jan	Unnið áfram með hugarkort og greiningavinnu.	6	HHH
2. feb	Nemendur kynna niðurstöður greiningarvinnu.	4	HHH

11. feb	Hönnun og skipulag einkagarðsins. Farið yfir grunnatriði í hönnun og skipulagi á gördum.	6	HHH
18. feb	Sérteikningar	4	HHH
25. feb	Teiknivinna	4	HHH
4. mars	Frágangur á teikningum fyrir kynningu, uppsetning, merkingar og fleira/Teiknivinna	4	HHH
9.mars	Kynning á hugarkortum og skipulagi einkalóðar	4	HHH
17. mars	Sketchup - æfing	4	HHH
24. mars	Frágangur á teikningum fyrir skil	4	HHH

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
SketchUp	Æfing í SketchUp	5%
	Æfing í Sketchup	5%
Greining	Greiningarverkefni	20%
Hugmyndarvinna	Hugarkort	10%
Teikningar	Skipulag einkagarðs og sérteikningar	60%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 8. Janúar 2026